

**Gróðurfar á fyrirhuguðum Dettifossvegi
vestan Jökulsár á Fjöllum**

Starri Heiðmarsson og Guðmundur Guðjónsson

Unnið fyrir Vegagerðina

NÍ-05011

Akureyri, júlí 2005



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

		Reykjavík ☐ Akureyri ☒
Skýrsla nr. NI-05011	Dags, Mán, Ár 5. júlí 2005	Dreifing ☐ Opin ☒ Lokuð til des. 2005
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Gróðurfar á fyrirhuguðum Dettifossvegi vestan Jökulsár á Fjöllum		Upplag 25
		Fjöldi síðna 26
Höfundar Guðmundur Guðjónsson og Starri Heiðmarsson		Verknúmer A 04 11 07 0 A 04 11 08 0
Unnið fyrir Vegagerðina		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur Gróðurfar var kannað á veglínunum fyrirhugaðs Dettifossvegar vestan Jökulsár á Fjöllum. Gróðurkort var unnið fyrir allar veglínur sem lagðar hafa verið út meðan tegundafjölbreytni háplantna var einungis könnuð á einni veglínu. Alls fundust 113 tegundir háplantna auk þess sem áberandi fléttutegundir voru skráðar. Engar tegundir á válista fundust en syðst á veglínunni fannst hvítstör, <i>Carex bicolor</i>, sem er fremur sjaldgæf tegund með takmarkaða útbreiðslu. Fjórar tegundir með takmarkaða útbreiðslu fundust á veglínunni. Gróðurfarslega má skipta svæðinu í þrjá hluta. Blásinn, grýttan og illa gróinn suðurhlutann, fjölbreyttan og gróskumikinn gróður í Vesturdal og einsleitt vel gróið mólendi á norðurhlutanum. Syðst eru tvær veglínur, A og B. Veglína A liggur vestar og er í mun betur grónu landi en veglína B sem liggur nærri Jökulsá. Vegstæði veglínu A liggur 71% um gróið land en 22 % á veglínu B. Á veglínu A er fjalldrapamói langalgengasta gróðurlendið meðan graslendi er algengast á veglínu B. Á nyrstu 7 km má velja milli tveggja möguleika á veglínu B, B og B1. Munurinn á þeim kostum er frekar lítill, 36% af veglínu B liggur um gróið land en 29% af veglínu B1. Báðar liggja veglínurnar um svipuð gróðurlendi og er víðimói og kjarr algengast. Nyrst er aðeins um eina veglínu að ræða (C) og fylgir hún að mestu núverandi vegi. Veglína C liggur einkum um gróðurfélagið <i>fjalldrapi-víðir</i> en 92% veglínunnar liggur um gróið land. Á þeim kafla þar sem veglína C vikir út frá núverandi vegi eru grónu svæðin að mestu með frekar litla gróðurþekju (25% að meðaltali). U.þ.b. 7 km frá Norðausturvegi, sunnan Meiðavallaskógar, er á þriggja km kafla gefin valkostur á annarri veglínu, C1 sem ekki fylgir núverandi vegi. Veglínan C1 liggur að öllu leyti um gróðurfélagið <i>fjalldrapi-víðir</i>.		
Lykilorð Dettifossvegur, gróðurfar, gróðurkort, tegundafjölbreytni, háplöntur		Yfirlit HK, KE

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
2	RANNSÓKNARSVÆÐIÐ	5
3	AÐFERÐIR	6
4	NIÐURSTÖÐUR	7
4.1	Gróðurfar á rannsóknarsvæðinu	7
4.2	Gróðurfar á veglínunum	8
4.3	Flóra	12
5	ÁHRIF VEGAGERÐAR	13
6	HEIMILDASKRÁ	14
7	VIÐAUKAR	
1.	viðauki. Veglínur vestan Jökulsár	15
2.	viðauki. Útbreiðsla háplantna á fyrirhuguðum veglínunum B, B1 og C flokkuð eftir útbreiðslu skv. 2 x 2 km reitkerfi.	16
3.	viðauki. Mat á algengni plöntutegunda	21
4.	viðauki. Gróðurfélög sem mismunandi veglínur skera og hlutfall þeirra af heildar-vegalengd hvernar veglínu	22
TÖFLUR		
1.	tafla. Gróðurlendi sem fara undir vegstæði við veglínur A, B og C.	9
2.	tafla. Gróðurlendi sem fara undir vegstæði við veglínur B (V600 mið) og B1 (V400)	10
3.	tafla. Gróðurlendi sem fara undir vegstæði við veglínur V321, V322 og V323.	12

1 INNGANGUR

Snemma árs 2004 fór Vegagerðin Akureyri þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að stofnunin gerði gróðurkort og kannaði útbreiðslu háplantna á fyrirhuguðu vegstæði Dettifossvegar vestan Jökulsár á Fjöllum. Náttúrufræðistofnun Íslands skilaði verkáætlun vegna gróðurkortagerðar 24. mars 2004 og vegna útbreiðslu háplantna þann 20. ágúst 2004. Samningur um verkið var undirritaður 15. júní. 2005. Samstarfsmenn og tengiliðir voru: Sóley Jónasdóttir á Vegagerðinni og Kristinn J. Albertsson á Náttúrufræðistofnun Íslands. Skýrsla þessi fjallar um gróðurfar á fyrirhuguðu vegstæði Dettifossvegar sem tengja mun þjóðveginn um Mývatnsöræfi við byggð í Kelduhverfi og liggja vestan Jökulsár á Fjöllum. Bæði er um að ræða vinnslu gróðurkorts og könnun á tegundafjölbreytni háplantna. Vettvangsvinna vegna gróðurkortlagningar fór fram 19. til 23. júlí 2004 en að henni unnu Guðmundur Guðjónsson, Inga Dagmar Karlsdóttir, Regína Hreinsdóttir og Sigrún Jónsdóttir. Sigrún Jónsdóttir kortateiknari sá um frágang og útlit gróðurkortanna 2005. Könnun á tegundafjölbreytni háplantna fór fram dagana 23.–26. ágúst 2004 og unnu Hörður Kristinsson og Starri Heiðmarsson að þeim rannsóknum.

2. RANNSÓKNARSVÆÐIÐ (1. viðauki)

Samkvæmt upphaflegri beiðni Vegagerðarinnar á Akureyri stóð einungis til að gera gróðurkort á mjóu belti (0,5–1,5 km) meðfram þeirri veglínu sem upphaflega var áætluð. Þar var um að ræða veglínu V600 sem einnig er merkt sem veglína B og C á meðfylgjandi gróðurkortum (ljósblá lína). Vegna þess að algengt er að upphaflegar tillögur að veglínunum breytist á hönnunarstigi ákvað Náttúrufræðistofnun að kortleggja mun stærra svæði en beðið hafði verið um. Að meðaltali var kortlögð um 5 km breið ræma meðfram fyrirhuguðu vegstæði en alls staðar var kortlagt alveg niður að Jökulsá á Fjöllum óháð vegalengd frá veglínu að ánni. Eftir að fram kom tillaga að veglínu A (veglína V501, rauð lína) var síðan bætt við kortlagningu sem byggist á vettvangsgögnum frá 1965 og sett voru inn á kortið með skjáteikningu án endurskoðunar á vettvangi. Gamla kortlagningin var þó endurskoðuð með tilliti til breytinga sem sjá mátti á myndkortinu m.a. út frá þeirri reynslu sem fengist hafði við endurskoðun á öðrum hlutum gróðurkortsins. Svæðið sem gróður var kortlagður á er nálægt 300 km² að flatarmáli.

Vegna rannsóknar á tegundafjölbreytni háplantna voru veglínur B og C, V600 (ljósblá lína á korti), veglína B1, V400 (blá lína á korti) og tveir af þremur afleggjurum gengnir og allar háplöntutegundir skráðar. Eftir að vettvangsvinnu var lokið lagði Vegagerðin fram nýja veglínu V501 (vínrauð lína á korti) sem ekki var mögulegt að kanna tegundafjölbreytni háplantna á og á það sama við um þann hluta veglínu B sem samsvarar B1, þ.e. frá stöð 13.500 – 19.000.

Könnuð veglína, V600 eða B og C (ljósblá lína), er tæplega 51 km löng. Hún liggur frá þjóðvegi nr. 1 um Mývatnsöræfi yfir s. k. Grjót, norður yfir Norðmel, austan við Norðmelshæðir og yfir Norðmelsstykki þar sem veglínan liggur nærri núverandi vegi um kílómetra leið. Veglínan liggur síðan vestan Sauðadals og austan Hnausa áður en hún sameinast núverandi vegi rétt sunnan Miðaftansfjalls. Syðstu 20 km veglínunnar eru utan núverandi þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum en skv. Náttúruverndaráætlun 2004–2008 (Umhverfisstofnun 2003) er ætlunin að stækka þjóðgarðinn um einn kílómetra til suðurs á þessu svæði. Nyrsta hluta leiðarinnar fylgir veglínan núverandi vegi á tæplega 19 km kafla þar til hún tengist Norð-austurvegi (vegur nr. 85) rétt vestan Meiðavalla. Í umfjöllun um gróðurfar af gróðurkortinu er

fjallað um allar veglínurnar sem sýndar eru á meðfylgjandi gróðurkortum en þar er veglína V600 brotin niður í þrjá hluta

Gert er ráð fyrir þremur afleggjurum út frá aðalveginum. Sá syðsti liggur að Dettifossi og Hafragilsfossi (V321) en þar er reiknað með tengingu sem er nokkuð frábrugðin núverandi vegi. Hinir liggja niður í Hólmatungur (V322) og Vesturdal að Hljóðaklettum (323) en þar munu nýjar tengingar fylgja núverandi vegi. Gróður var kannaður á væntanlegu áhrifasvæði tveggja syðri leiðanna með tilliti til tegundafjölbreytni og sjaldgæfra tegunda háplantna en fjallað er um gróðurfarið út frá mælingum á gróðurkortinu á öllum afleggjurum.

3 AÐFERÐIR

Háplöntur voru skráðar í öllum 2x2 km reitum sem veglínan liggur um (2. viðauki) auk þess sem gróðurfar var kannað og verður því lýst í stuttu máli eftir veglínunni frá suðri til norðurs. 2x2 km reitirnir sem hafðir eru til hliðsjónar byggja á 10x10 km reitakerfi því sem sett var fram vegna skráningar á útbreiðslu plantna (Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970). Til að mögulegt sé að staðsetja smáreitina á veglínunni þá eru einnig gefnar upp fjarlægðartölur á veglínunni sem gefnar eru upp á gróðurkortum þeim sem fylgja skýrslunni. Fjarlægðirnar eru mældar frá þjóðvegi nr. 1 um Mývatnsöræfi upp í 50.871 m. Íslenskar nafngiftir háplantna fylgja Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986) nema hvað fylgt er Norðurlandaflórunni (Jonsell (ritstj.) 2000) hvað varðar fjallavíði, *Salix arctica*, en sú tegund var áður nefnd grávíðir og talin tilheyra *Salix callicarpaea*. Gerð er grein fyrir algengni-flokkun tegunda í 3. viðauka en flokkunin byggir á aðferðum sem lýst var í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem unnin var vegna mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2001)

Rannsóknastofnun landbúnaðarins vann fyrst vettvangsvinnu vegna gróðurkortagerðar af meginhluta svæðisins 1965, einnig var að hluta til notuð kortlagning frá 1975. Gróður- og landgreiningin var unnin á svarthvítar loftmyndir frá bandaríska hernum í mælikvarða 1:36.000. Sú vinna miðaðist við nákvæmni gróðurkorta af hálendinu sem gefin voru út í mælikvarða 1:40.000. Árið 1977 var byggðin í Kelduhverfi kortlögð á stækkaðar svarthvítar myndir frá Landmælingum Íslands í mælikvarða 1:20.000.

Gróður- og landflokkun nú fór fram með hefðbundnum aðferðum gróðurkortagerðar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Náttúrufræðistofnunar Íslands samkvæmt gróðurlykli Steindórs Steindórssonar (1964 og 1981). Á gróðurkortum er gróður flokkaður eftir ríkjandi og/eða einkennandi plöntutegundum. Ríkjandi eru þær tegundir sem hafa mesta gróðurþekju og geta þær verið ein eða fleiri í hverju gróðurfélagi. Einkennandi kallast þær tegundir sem einkenna tiltekið gróðurfélag án þess að hafa mesta þekju. Þær geta verið ein eða fleiri og eru bundnar við umrætt gróðurfélag. Heiti gróðurfélaga er táknað með lyklum samsettum úr einum stórum bókstaf og einum eða tveimur tölustöfum, til dæmis táknar H1 gróðurfélagið *grös* og C5 *birkiskóg- og kjarrlendi*.

Gróður er kortlagður á vettvangi eftir loftmyndum og/eða myndkortum. Svæði, sem afmarkað er á loftmynd, er metið með sjónmati í gróðurfélög og landgerðir. Á gróðurkortum er gróið land skilgreint sem land með gróðurþekju yfir 10%. Lítt eða ógróið land eða bersvæðagróður er með minna en 10% gróðurþekju. Það land er flokkað eftir jarðvegsgerð eða landgerðareinkennum en ekki gróðri. Gróðurþekja er einnig metin en táknin fyrir skerta gróðurþekju eru rituð aftan við viðkomandi gróðurfélag. Þannig táknar x að meðaltali 75%

gróðurþekju, z 50% og þ 25% gróðurþekju. H1x táknar því graslendi með að meðaltali 75% heildargróðurþekju.

Við gerð gróðurkortins nú voru vettvangsvinnugögn frá 1965, 1975 og 1977 notuð til að teikna nýtt gróðurkort á myndkort Loftmynda ehf. frá árinu 2000. Með hliðsjón af gömlu kortlagningunni og eftir gróðurmörkum og kennileitum sem greina mátti á myndkortinu var gert uppkast að nýju gróðurkortu með skjáteiknun. Síðan var kortlagningin af meginhluta kortlagða svæðisins endurskoðuð á vettvangi. Farið var um allt landið til að skrá breytingar sem orðið höfðu á gróðurfarinu og kortleggja landið ýtarlegar í stærri mælikvarða en áður. Á þann hátt var gamla gróður- og landgreiningin uppfærð og endurskoðuð með tilliti til nýrri og betri mynda og stærri mælikvarða en notaður var áður á vettvangi. Vettvangsvinnan var unnin á myndkortu í mælikvarða 1:15.000. Gróðurkortuð af svæðinu er í mælikvarða 1:25.000 og prentað út í tvennu lagi með dálítilli skörun á milli kortblaða. (Dettifossvegur, gróðurkort norðurhluta og suðurhluta, 1:25.000). Kortin fylgja með skýrslunni samanbrotin í vasa.

Í 4. viðauka eru samandregnir útreikningar fyrir gróðurfélög sem viðkomandi veglínur koma til með að skera. Þar kemur fram samanlagt flatarmál gróðurfélaga og flokka lítt eða ógróins lands. Í blönduðum gróðurfélögum, þ.e. þegar tvö eða fleiri gróðurfélög koma fyrir í sama reitnum, skrifast flatarmál alls reitsins á það gróðurfélag sem fyrst er talið en það hefur alltaf meiri útbreiðslu.

Umfjöllun um gróðurfarið út frá gróðurkortinu hér á eftir byggir einungis á mælingum sem gerðar hafa verið á gróðurfélögum sem fyrirhugaðir vegir koma til með að skera. Á gróðurkortunum eru veglínurnar merktar bæði með þriggja stafa tölum og bókstöfum ásamt því að línurnar eru sýndar með mismunandi litum.

4 NIÐURSTÖÐUR

4.1 Gróðurfar á rannsóknarsvæðinu

Gróðurfarslega má skipta kortlagða svæðinu í þrjá hluta. Einsleitt vel gróið mólendi á norðurhlutanum, fjölbreytilegan og gróskumikinn gróður í Vesturdal og blásinn, grýttan og illa gróinn suðurhlutann.

Flatlendið á norðurhlutanum einkennist af vel grónum, gróskumiklum en einsleitum fjalldrapa og víðimóa ásamt vöxtulegum birkiskógi sem kenndur er við Meiðavelli. Mjög grunnt er á gamalt hraun frá nútíma sem sjá má gægjast upp úr gróðursverðinum á stöku stað. Helstu plöntutegundir í mólendinu eru: fjalldrapi, gulvíðir, fjallavíðir (grávíðir), krækilyng, bláberjalyng, aðalbláberjalyng, sortulyng, beitleyng, einir, þursaskegg, grös og ýmsar tegundir af grösum, mosum og fléttum. Birkiskógurinn er samfelldur og víðast meira en mannhæðar hár.

Í Vesturdal suður að Hólmatungum og víðar á norðurhlutanum næst Jökulsá á Fjöllum er gróðurfarið mjög fjölbreytt og landið vel gróið. Þar skiptast á víðáttumikið, afar fjölbreytt votlendi, mólendi, birkikjarr og mosagróður. Votlendið er fjölbreytt og sumstaðar mjög blautt. Í því skiptast á forblautir flóar og þurrari mýrar með mólendi inn á milli. Mólendið einkennist af fjalldrapa og víðimóa ásamt lyngmóa með krækilyngi, bláberjalyngi, sortulyngi og beitleyngi. Birkikjarrið er misjafnlega vöxtulegt en er sumstaðar vel yfir mannhæðar hátt, einkum í hlíðum sem snúa á móti sól. Mosagróðurinn er helst að finna á grýttum hæðum sem standa áveðra en í honum eru lyng og smárunnar áberandi.

Suðurhluti kortlagða svæðisins er illa gróinn og talsvert mikið blásinn. Þar einkennist gróðurfarið af svipuðu mólendi og er ríkjandi á norðurhlutanum. Þar eru fjalldrapi og víðir ríkjandi ásamt flestum sömu tegundunum sem koma fyrir á norðurhlutanum. Móinn þarna suðurfrá er samt áberandi uppskeruminni og rýrari og minna er þar af víðitegundum. Móinn er sundurskornir af grýttum melum og sandorpnum hraunum og má víða sjá ljót rofabörð þar sem gróðurinn heyrir harða baráttu við náttúruöflin til síðasta strás.

4.2 Gróðurfar á veglínunum

Hér á eftir verður fjallað um þann gróður sem hver hinna fyrirhuguðu veglína kemur til með að skera eftir mælingum af gróðurkortunum. Fyrst verður fjallað um veglínur á suðurhlutanum og síðan um veglínur á norðurhlutanum og í lokin fjallað stuttlega um afleggjarana. Veglína V600 (ljósblá lína) var mæld í þremur hlutum til að auðvelda samanburð á gróðurfarinu við aðrar veglínur. Niðurstaða mælinganna er sýnd í 1., 2. og 3. töflu þar sem gróðurfar er borið saman á grundvelli gróðurlenda. Í 4. viðauka eru sýndar niðurstöður gróðurfarsmælinga á grundvelli gróðurfélaga.

Suðurhluti

Veglína A eða veglína 501 (vínrauð lína á korti) liggur í nágrenni núverandi Hólmatungna-vegar. Henni var bætt við í janúar 2005 vegna ábendinga frá Umhverfisstofnun. Hún er í nokkurri fjarlægð frá Jökulsá á Fjöllum og hefur þar af leiðandi lítil áhrif á framtíðarhugmyndir um friðlýsingu árinna. Landið sem hún liggur um er að stórum hluta gróið, mishæðótt mólendi. Samkvæmt samanlögðum mælingum á gróðurreitum (1. tafla) er veglínán samtals 17.286 m löng. Rétt lengd á veglínunni er 17.700 m þannig að mælingarskekkja er 2%. 71% leiðarinnar telst gróinn og 29% ógróinn. Gróna landið er að mesti leyti allgróið mólendi með gróðurfélaginu *fjalldrapi-víðir* (C3). Alls 61% af veglínunni skera það gróðurfélag en það samsvarar 85% af grónu landi á veglínunni. Önnur gróðurfélög sem koma til með að skerðast meira en sem nemur 1% af veglínunni eru: *krækilyng-víðir* (B3) 4%, *holtasóley-krækilyng-víðir* (B6) 2%, *grös* (H1) 2% og *fjalldrapi-bláberjalyng-krækilyng* (C1). Lítt eða ógróna landið sem veglínán fer um er allt *melur* (me).

Veglína B eða suðurhluti veglínu V600 (ljósblá lína á korti) er að mestum hluta upphaflega veglínán sem Vegagerðin setti út á suðurhluta svæðisins. Hún liggur í nágrenni við Jökulsá á Fjöllum. Landið sem veglínán liggur um er lítið gróið flatlendi. Landslagið í kringum veglínuna er fjölbreytt þó að gróður sé ekki mikill. Veglína B er 2,5 km lengri en veglína A en hún sneiðir hjá Hraundal að ósk Umhverfisstofnunar. Mæling á gróðurreitum (1. tafla) sem veglínán sker leiðir í ljós að hún er samtals 20.018 m og er nánast engin skekkja í þeirri mælingu. Einungis 22% veglínunnar telst gróið land en verulegur hluti þess hefur skerta gróðurþekju. Helstu gróðurlendi sem koma fyrir eru graslendi 10%, þursaskeggsmói 5%, víðimói 4% og lyngmói 3%. Þau gróðurfélög sem koma til með að skerðast meira en sem nemur 1% af veglínunni eru: *grös* (H1) 8%, *þursaskegg-smárunnar* (E2) 5%, *krækilyng-víðir* (B3) 3%, *grávíðir-fjalldrapi* (D2) 3% og *loðvíðir-grávíðir* (D2). Lítt eða ógróna landið sem veglínán fer um er samtals 78% af veglínunni. Mestur hluti þess er *melur* (me) 58%, *sandur* (sa) 10%, *hraun* (hr) 7%, *stórgrýtt land* (gt) 2% og *moldir* (mo) 1%.

Samanburður á veglínunum A og B. Mikill munur er á gróðurfari þessara tveggja veglína. Vegstæði veglínu A liggur 71% um gróið land meðan einungis um 22% af vegstæði B liggur um gróið land. Þar að auki er gróðurþekja mun minni á þeim hluta veglínu B sem er gróinn en á veglínu A. Á veglínu B er gróðurþekja 25–50% meðan gróðurþekjan er oftast 100% á

veglínu A. Gróðurlendin eru einnig mismunandi á veglínunum. Á veglínu A er fjalldrapamói ríkjandi gróðurlendi á 62% af vegalengdinni meðan lyngmói er ríkjandi á 6% og graslendi á 2%. Á veglínu B er hins vegar graslendi algengast þó það sé ekki ríkjandi nema á 10% vegalengdarinnar. Víðimói og kjarr eru aðeins ríkjandi á 4% vegalengdarinnar og lyngmói á 3% hennar.

1. tafla. Gróðurlendi sem fara undir vegstæði við veglínur A, B og C.

Gróðurlendi	Veglína A		Veglína B		Veglína C	
	Vegalengd (m)	% af vegalengd	Vegalengd (m)	% af vegalengd	Vegalengd (m)	% af vegalengd
Mosagróður					653	3
Lyngmói	1.140	6	592	3	1.415	4
Fjalldrapamói	10.670	62	58		22.183	71
Birki					1.282	4
Víðimói og kjarr	79		778	4	1.257	4
Graslendi	343	2	1.988	10	817	2
Þursaskeggmói			971	5	1.231	4
<i>Samtals gróið</i>	<i>12.273</i>	<i>71</i>	<i>4.387</i>	<i>22</i>	<i>28.838</i>	<i>92</i>
Stórgrýtt land			317	2	271	1
Hraun/Sandar			3.447	17	124	
Melur	5.013	29	11.700	58	2.135	7
Moldir			167	1		
<i>Samtals ógróið</i>	<i>5.013</i>	<i>29</i>	<i>15.631</i>	<i>78</i>	<i>2.530</i>	<i>8</i>
Samtals	17.286	100	20.018	100	31.368	100

Veglína B1 eða veglína V400 (dökkblá lína á korti) er mjög stutt. Hún var hluti af upphaflegri veglínu sem Vegagerðin lagði til. Hún liggur um Hraundal, skammt ofan við Dettifoss. Umhverfisstofnun hefur lagst gegn henni en hún er 400 m styttri en samsvarandi eða núverandi hluti veglínu B sem merktur er (B) á yfirlitskortinu. Sá hluti var mældur sérstaklega til samanburðar við veglínu B1 (2. tafla).

Samkvæmt samanlögðum mælingum á gróðurreitum er veglína B1 samtals 6.600 m. Rétt lengd á veglínunni er 7.000 m þannig að mælingarskekkja er 6%. Gróið land sem veglínan sker er 29% og lítt eða ógróið land 71%. Gróðurlendin sem koma fyrir eru víðimói 11%, lyngmói 8%, graslendi 7% og mosagróður 3%. Þau gróðurfélög sem koma til með að skerðast meira en sem nemur 1% af veglínunni eru: *grávíðir-fjalldrapi* (D2) 9%, *krækilyng-víðir* (B3) 8%, *grös* (H1) 4%, *hélumosi með grávíði* (A10) 3%, *grös-smárunnar* (H3) 2% og *loðvíðir-grávíðir* (D2) 2%. Lítt eða ógróna landið sem veglínan sker er samtals 71% af veglínunni. Mestur hluti þess er *melur* (me) 64%, *sandur* (sa) 5% og *hraun* (hr) 1%.

Samanburður á veglínunum B og B1. Ástæða er til að gera samanburð á veglínunum B1, sem liggur um Hraundal, og samsvarandi hluta veglínu B sem sveigir hjá Hraundal að ósk Umhverfisstofnunar. Veglína B1 var upphaflega hluti þeirrar veglínu sem vegagerðin setti fyrst út. Veglína B liggur að örlítið stærri hluta um gróið land en veglína B1 en 36% af veglínu B liggur um gróið land meðan 29% af veglínu B1 fer um gróið land. Báðar liggja veglínurnar um svipuð gróðurlendi nema hvað 1% af veglínunni sem B er í fjalldrapamóa sem finnst ekki á veglínu B1. Um 3% af vegalengdinni sem B1 liggur um mosagróður sem ekki finnst á veglínu B.

2. tafla. Gróðurlendi sem fara undir vegstæði við veglínur B (V600 mið) og B1 (V400)

Gróðurlendi	Veglína B		Veglína B1	
	Vegalengd (m)	% af vegalengd	Vegalengd (m)	% af vegalengd
Mosagróður			206	3
Lyngmói	592	8	520	8
Fjalldrapamói	58	1		
Víðimói og kjarr	778	11	724	11
Graslendi	1151	16	430	7
<i>Samtals gróið</i>	<i>2579</i>	<i>36</i>	<i>1880</i>	<i>29</i>
Hraun/Sandar			438	6
Melur	4536	64	4228	64
Moldir			54	1
<i>Samtals ógróið</i>	<i>4536</i>	<i>64</i>	<i>4720</i>	<i>71</i>
Samtals	7115	100	6600	100

Norðurhluti

Á norðurhluta leiðarinnar, á kaflanum frá Dettifossi að Norðausturvegi verða lagðar fram tvær veglínur. Veglína C sem fylgir núverandi vegi á löngum köflum og veglína, C1 sem er mjög stutt og liggur um gróðurfarslega einsleitt land.

Veglína C eða veglína V600 norður (ljósblá lína á korti) er norðurhluti upphaflegu veglínunnar sem Vegagerðin lagði fram en hún liggur frá núverandi Hólmatungnavegi vestan Hraundals að Norðausturvegi nr. 85. Veglínan liggur utan núverandi vegar fyrstu 10 km framhjá Sauðadal og Svínadalshálsi. Frá Svínadalshálsi að Norðausturvegi fylgir veglínan að mestu núverandi vegi nema á 2,1 km kafla sunnan Meiðavallaskógar þar sem hún mætir veglínu C1 sem lýst verður hér á eftir.

Mæling á gróðurreitum sem veglínan sker leiðir í ljós að hún er samtals 31.368 m en rétt vegalengd er 30.871m þannig að mæliskekkja er innan við 2%. Veglínan er mjög vel gróin en 92% þess lands sem hún kemur til með að skera telst gróið land og óverulegur hluti þess hefur skerta gróðurþekju. Mestur hluti gróna landsins er fjalldrapamói 70%. Önnur gróðurlendi eru: lyngmói 5%, birkikjarr 4%, víðimói 4%, þursaskeggsmói 4%, graslendi 3% og mosagróður 2%. Gróðurfélagið *fjalldrapi-víðir* (C3) er að finna á 70% veglínunnar en önnur gróðurfélög eru að mestu þau sömu og talin hafa verið upp í lýsingum annarra veglína hér að framan. Vert er þó að geta gróðurfélagsins *ilmbjörk* (C5) sem kemur fyrir á um 1,3 km eða 4% veglínunnar. Á þeim kafla fer veglínan í gegnum samfellda gróðurþekju Meiðavallaskógar og fylgir núverandi vegi. Lítt eða ógróna landið sem veglínan fer um er samtals 8% af veglínunni. Mestur hluti þess er *melur* (me) 7%, en *stórgrýtt land* (gt) er 1%.

Á þeim kafla sem veglína C víkur frá núverandi vegi framhjá Sauðadal og Svínadalshálsi má segja að séu þ útgáfur (að meðaltali 25% gróðurþekja) af hinu einkennandi gróðurlendi *fjalldrapi-víðimói*. Á 1.200 m kafla sunnan Meiðavallaskógar fer veglínan um gróðurfélag sem orðið hefur til við einhvers konar inngríp manna sem valdið hafa því að fjalldrapa og víði hefur verið eytt að verulegu leyti og í staðinn hefur þursaskegg orðið ríkjandi tegund. Þessi ferhyrndi reitur sem sést vel á myndkortinu flokkast undir gróðurfélagið *þursaskegg-smárunnar* (E2). Á 700 m kafla fer veglínan um gróðurfélagið *fjalldrapi-víðir* (C3) óbreytt. Á

200 m kafla fer línan svo aftur yfir minna breytt gróðurfélag sem flokkast sem *fjalldrapi-þursaskegg-grös* (C2).

Veglína C1 eða veglína V302 (appelsínugul lína á korti) fylgir veglínu C nema á stuttum kafla sunnan Meiðavallaskógar. Þar fer veglína C út fyrir núverandi veg en veglína C1 fylgir honum. Veglínan er samtals 3.032 m löng og er öll í einkennisgróðurfélaginu á þessum slóðum þ.e. *fjalldrapi-víðir* (C3).

Samanburður á veglínunum C og C1. Sunnan Meiðavallaskógar er um tvo valkosti að ræða á liðlega 3 km kafla. Þar víkur veglína C út af núverandi vegstæði en veglína C1 fylgir núverandi vegi á sama kafla. Gróðurfarslega er mjög lítill munur á þessum tveimur veglínunum. Veglína C fer þó á 1.200 m kafla í gegnum gróðurfélagið *þursaskegg-smárunnar* þar sem fjalldrapi/víðimóanum hefur verið breytt af mannavöldum. Það gróðurfélag telst ekki verðmætt en æskilegra er þó að fylgja veglínu C sem fylgir núverandi vegi.

Afleggjarar

Auk framangreindra veglína eru lagðar fram 3 eftirfarandi tengingar frá veginum þ.e. afleggjarar sem fyrr er frá greint. Sá syðsti liggur að Dettifossi og Hafragilsfossi (V321) en þar er gert ráð fyrir tengingu sem er nokkuð frábrugðin núverandi vegi. Hinir liggja niður í Hólmatungur (V322) og Vesturdal að Hljóðaklettum (323) en þar er ekki áætlað að víkja út frá núverandi vegi.

Veglína V321 Dettifoss og Hafragilsfoss er samtals um 2,8 km (3. tafla) Einungis 5% hennar telst vera gróið land þ.e. graslendi *grös* (H1) sem er hálfgróið og gróið að tveimur þriðju hlutum. Lítt eða ógróna landið er samtals 95% af því landi sem veglínan sker, en það skiptist þannig eftir landgerðum: *melur* (me) 71%, *grýtt land* (gt) 20% og *sandur* (sa) 4%.

Veglína V322 Hólmatungur verður 2,2 km (3. tafla) og kemur til með að fylgja gamla veginum. Af því landi sem hann sker er 95% gróið land en einungis 4% lítt eða ógróið. Gróna landið skiptist þannig: *fjalldrapi-víðir* (C3) 72%, *holtasóley-krækilyng-víðir* (B6) 21% og *ilmbjörk* (C5) 1%. Lítt eða ógróna landið er allt *melur* (me).

Veglína V323 Vesturdalur Hljóðaklettur er um 1,2 km (3. tafla) og kemur einnig til með að liggja ofan í núverandi vegi. Af því landi sem vegurinn sker er 44% gróið land og 56% lítt eða ógróið. Gróna landið skiptist þannig að *fjalldrapi-víðir* (C3) þekur 29% af veglínunni og *ilmbjörk* (C5) 15%. Lítt eða ógróna landið flokkast allt sem *melur* (me).

3 tafla. Gróðurlendi sem fara undir vegstæði við veglínur V321, V322 og V323.

Gróðurlendi	Veglína V321		Veglína V322		Veglína V323	
	Vegalengd (m)	% af vegalengd	Vegalengd (m)	% af vegalengd	Vegalengd (m)	% af vegalengd
Lyngmói			465	21		
Fjalldrapamói			1622	73	344	29
Birki			32	1	183	15
Graslendi	150	6				
<i>Samtals gróið</i>	<i>150</i>	<i>6</i>	<i>2119</i>	<i>95</i>	<i>527</i>	<i>44</i>
Melur	1899	70	96	5	665	56
Sandur	106	4				
Stórgrýtt land	545	20				
<i>Samtals ógróið</i>	<i>2550</i>	<i>94</i>	<i>96</i>	<i>5</i>	<i>665</i>	<i>56</i>
Samtals	2700	100	2215	100	1192	100

4.3 Flóra

Alls fundust 113 tegundir háplantna auk undanfífla, túnfífla, maríustakka og kynblendings birkis og fjalldrapa, skógviðarbróðurs. Engin skráðra tegunda er á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996) og flestar eru þær algengar um allt land. Hvítstör, *Carex bicolor*, er þó fremur sjaldgæf og hefur takmarkaða útbreiðslu. Aðrar tegundir með takmarkaða útbreiðslu eru: dvergstör, *C. glacialis*, móastör, *C. rupestris*, axhnoðapuntur, *Dactylis glomerata* og græn-lilja, *Orthilia secunda*. Listi yfir allar tegundir háplantna sem fundust á áhrifasvæði veglínunnar er í 2. viðauka. Dálkarnir frá vinstri til hægri stefna frá Þjóðvegi 1 um Mývatnsöræfi til Kelduhverfis. Hér á eftir verður gerð lauslega grein fyrir tegundafjölbreytni háplantna við veglínuna frá suðri til norðurs en veglínan sem könnuð var er veglínan sem var upphaflega í athugun, þ.e. veglína B, B1 og C. Einnig er minnst á áberandi fléttutegundir.

Veglína B sveigir út af Þjóðvegi nr. 1 rétt vestan Austurfjalla og liggur fyrstu 500 m um vel gróið land en fyrsti smáreiturinn, 6242-L (0–1.500), hefur alls 49 tegundir að geyma, m.a. hvítstör. Er norðar dregur fækkar tegundum og sandar, melar og hraun verða meira áberandi. Örnefni bera gróðurfarinu vitni en þarna liggur veglínan um Grjót og Norðmel. Gróðurþekja er afar lítil og í smáreit 6241-F (11.500–14.000) fundust fæstar tegundir í einum smáreit, 12. Í smáreit 6141-E (15.500–16.500) liggur veglínan í gegnum allstóra torfu sem staðið hefur af sér uppblástur þann sem herjað hefur á svæðið. Í torfunni, sem er ríflega 500 m á lengd, má finna gróskumikinn gróður og bar gæsaskítur þess vitni að gæsir eru fastagestir í torfunni. Gulmaðra, *Galium verum*, var áberandi í torfunni en helstu tegundir voru loðvíðir, *Salix lanata*, og fjalldrapi, *Betula nana*. Einnig fannst gulvíðir, *Salix phylicifolia*. Norðan torfunnar taka við sandorpnir melar með lítilli gróðurþekju, þó er fjölbreytni gróðurs nokkur einkum vegna breytileika í landslagi. Þannig fundust 42 háplöntutegundir í smáreit 6140-Þ (16.500–19.000) en nyrsti hluti fyrrnefndrar torfu er innan þessa reits. Gróðurþekjan eykst síðan aftur í smáreit 6140-O (21.800–24.000) en í byrjun þess reits fer veglínan yfir lágan háls áður en hún liggur yfir drög Sauðadals og fer þar yfir vel gróna flétturíka fjalldrapa-víðimóa með fjallagrösum, *Cetraria islandica*, maríugrösum, *Flavocetraria nivalis*, mundagrösum, *Cetrarella delisei*, og flókakræðu, *Alectoria sarmentosa*, sem er sjaldgæf fléttutegund á þessu svæði. Einnig voru hreindýrakrókar, *Cladonia arbuscula*, og þúfubíkar, *C. gracilis*, algengir í mounum. Í þúfukollunum vex mosinn hraungambri, *Racomitrium lanuginosum*. Alls fundust 56 tegundir háplantna í smáreitnum. Í næsta reit, 6140-I (24.000–26.000), fer veglínan yfir svipað land og í síðasta reit nema hvað land er meira rofið. Fjöldi tegunda lækkar mikið í

næsta reit, 6140-D (26.000–26.500) en það skýrist af hluta til af því að einungis um 500 m veglínunnar liggja um reitinn. Í reit 6140-C (26.500–29.300) eykst fjöldi háplöntutegunda og fundust alls 67 tegundir í reitnum sem er svipaður fjöldi og fannst í næsta reit norðan við, 6139-X (29.300–31.500) en þar fundust 65 tegundir háplantna. Í reit 6140-D fundust tvær starir sem hafa takmarkaða útbreiðslu, dvergstör og móastör en báðar eru þessar tegundir að mestu bundnar við landræna svæðið á norðaustanverðu landinu. Í næsta reit norðan við, 6139-V (31.500–33.500) byrjar veglínun að fylgja núverandi vegi og gerir hún það að mestu allt norður að Norðausturvegi (85) í Kelduhverfi. Í reitnum fundust 56 tegundir háplantna. Í reit 6139-Q (33.500–35.600) fundust flestar tegundir alls 72. Á þessum hluta leiðarinnar liggur vegslóðin gegnum gróðurlendið *fjalldrapi-víðir* og gerir það meira eða minna þar til komið er niður í Meiðavallaskóg, sem er birkiskógur, en norðan hans taka við mórar með víði og birki á stangli. Næst Norðausturvegi (85) er svo melur.

Á afleggjara til Dettifoss fundust 35 tegundir háplantna. Stærstur hluti veglínunnar liggur um land með litla gróðurþekju en þó koma fyrir víðiflesjur með yfir 50% gróðurþekju. Veglína afleggjarans niður í Hólmatungur liggur hins vegar um vel gróið land en helsta gróðurlendið eru mórar með gróðurfélaginu *fjalldrapi-víðir* eða lyngmói sem einkum er með gróðurfélaginu *holtasóley-krækilyngi-víðir*. Móarnir eru nokkuð flétturíkir með fjallagrösum, *Cetraria islandica*, maríugrösum, *Flavocetraria nivalis*, mundagrösum, *Cetrariella delisei*, kræðu, *Cetraria aculeata*, auk skollakræðu, *Alectoria ochroleuca*, hreindýrakröka, *Cladonia arbuscula*, og engjaskófar, *Peltigera canina*. Alls fundust 40 tegundir háplantna á veglínunni.

5 ÁHRIF VEGAGERÐAR

Könnun á tegundafjölbreytni háplantna á fyrirhuguðu vegstæði bendir ekki til að tegundir á valista verði fyrir áhrifum. Syðsti hluti þeirrar veglínu sem var kannaður með tilliti til tegundafjölbreytni háplantna er frekar tegundasnauður og gróðurþekja lítil. Þó sker veglína B1 gróskumikla torfu í smáreitum 6141-E og 6140-P (15.900–16.800) sem ástæða er til að hlífa. Sama má segja um veglínu C þar sem hún sker drög Sauðadals í smáreit 6140-O (22.800–24.000). Þar liggur hún yfir velgróinn *fjalldrapi-víðimóa* (C3) sem er flétturíkur og hefur m.a. að geyma flókakræðu, *Alectoria sarmentosa*, sem er tiltölulega sjaldgæf flétta á þessum slóðum.

Veglína A fylgir að talsverðum hluta núverandi vegi að Hólmatungum sem víða er mikið niðurgrafinn og veldur þess vegna mikilli hættu á rofi. Þó að fyrirhugaður vegur komi til með að liggja að verulegum hluta um óröskuð samfelld gróðurlendi þá leggst Náttúrufræðistofnun Íslands ekki gegn lagningu vegarins vegna gróðurfars. Ástæðan fyrir því er einkum sú að samsvarandi gróðurlendi og fyrirhugaður vegur mun skera eru mjög algeng á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur samt áherslu á að verði af vegagerð verði sett skilyrði um raska sem minnst gróðri beggja megin fyrirhugaðrar veglínu A. Einnig að framkvæmdaraðili sjái til þess að græða upp öll sár með staðbundnum náttúrulegum gróðri samkvæmt ráðum gróðurvistfræðings. Einnig telur Náttúrufræðistofnun Íslands æskilegt að græða upp gamla veginn og aka jarðvegi í hann þar sem hann er niðurgrafinn til að koma í veg fyrir frekara rof.

Gæta ber sérstaklega að því að takmarka svæði sem fer undir nýjan veg ef af verður í gegnum náttúrulegt birkikjarr í Meiðavallaskógi. Einnig er æskilegra að veglínu C1 verði fylgt sunnan við Meiðavallaskóg þar sem veglína C vîkur út af núverandi vegi. Að öðru leiti er ekki um að ræða sérstæð eða sjaldgæf gróðurfélög sem þær veglínur sem gerðar hafa verið tillögur um

koma til með að skerða meira en gerst hefur með núverandi vegi. Gæta ber að því almennt að raska sem minnst gróðri eða lítt grónu landi vegna gerðar nýrra vega á svæðinu. Þó að gróðurkortíð af veglínu A (veglína V501, rauð lína) gefi þokkalega mynd af gróðurfarinu leggur Náttúrufræðistofnun Íslands til að könnuð verði tegundafjölbreytni háplantna og hugsanlegar breytingar á gróðurfarinu sem kunna að hafa orðið frá því að svæðið var kortlagt árið 1965 verði þessi veglína valin.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að með tilliti til gróðurfars sé veglína B heppilegri til veglagningar en veglína A þar sem veglína A liggur um mun betur gróið land.

6 HEIMILDASKRÁ

Hörður Kristinsson 1986. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra 2. Örn og Örlygur. Reykjavík. 304 bls.

Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970. Reitskipting Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna. Náttúrufræðingurinn 40: 58–65.

Jonsell, B. 2000. Flora Nordica I. Lycopodiaceae–Polygonaceae. The Bergius Foundation. Stockholm. 344 bls.


Náttúrufræðistofnun Ísland 1996. Válisti 1. Plöntur. 82 bls.

Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson, Hörður Kristinsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2001. Kárahnjúkavirkjun. Áhrif Háslóns á gróður, smádýr og fugla. Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-01004. 231 bls.

Steindór Steindórsson 1964. Gróður á Íslandi. Almenna bókafélagið, 186 bls.

Steindór Steindórsson 1981. Flokkun gróðurs í gróðursamfélög. Íslenskar landbúnaðar-rannsóknir. 12,2. Bls. 11–52.

Umhverfisstofnun 2003. Náttúruverndaráætlun 2004–2008. – Aðferðarfræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingu. UST-2003/14. 291 bls.



2. viðauki. Útbreiðsla háplantna á fyrirhuguðum veglínunum B, B1 og C flokkuð eftir útbreiðslu skv. 2 x 2 km reitkerfi.

Latn. heiti	Ísl. heiti	Algengni																																
	Reitnúmer		6242 L	6242 F	6242 A	6241 V	6141 Þ	6141 U	6141 P	6241 P	6241 A	6141 E	6140 Þ	6140 Z	6140 T	6140 O	6140 I	6140 D	6140 C	6139 X	6139 V	6139 Q	6139 L	6139 F	6139 A	6138 V	6138 Q	6138 L	6138 F	6138 G				
	Merkingar á veglínu		0-1500	1500-3200	3200-5000	5000-5500	5500-7000	7000-9500	9500-11500	11500-14000	14000-15500	15500-16500	16500-19000	19000-19500	19500-21800	21800-24000	24000-26000	26000-26500	26500-29300	29300-31500	31500-33500	33500-35600	35600-38300	38300-40300	40300-42300	42300-44300	44300-45900	45900-47700	47700-49400	49400-50871				
<i>Achillea millefolium</i>	vallhumall	■■■□□□	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	
<i>Agrostis capillaris</i>	hálingresi	■■■□□□															X	X	X		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	
<i>Agrostis stolonifera</i>	sagriðlingresi	■■■□□□	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X		X		X		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	
<i>Agrostis vinealis</i>	týtulingresi	■■■□□□	X								X	X	X	X	X				X	X		X	X			X	X	X	X	X	X	X	X	
<i>Alchemilla alpina</i>	ljónslappi	■■■□□□													X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X		X	X			
<i>Alchemilla vulgaris</i>	maríustakkur	■■■□□□																		X	X			X	X	X	X		X	X				
<i>Anthoxanthum odoratum</i>	ilmreyr	■■■□□□														X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X		
<i>Arabis petraea</i>	melablóm	■■■□□□	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X		X	X	X			X		X											X	
<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>	sortulyng	■■■□□□	X									X	X										X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
<i>Arenaria norvegica</i>	skeggsandi	■■■□□□		X	X	X	X	X														X	X			X						X		
<i>Armeria maritima</i>	geldinga-hnappur	■■■□□□	X		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X		X	
<i>Bartsia alpina</i>	smjörgras	■■■□□□												X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X		X	X	X				
<i>Betula nana</i>	fjalldrapi	■■■□□□	X	X								X	X	X		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
<i>Betula pubescens</i>	birki	■■■□□□																	X						X		X	X	X	X	X	X	X	X
<i>Betula pubescens</i> x <i>nana</i>	skógviðarbróðir <i>nana</i>	■■■□□□																					X	X		X								
<i>Bistorta vivipara</i>	kornsúra	■■■□□□	X	X			X					X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
<i>Botrychium lunaria</i>	tungljurt	■■■□□□	X	X		X	X	X				X	X			X	X	X	X	X	X	X			X	X								
<i>Calluna vulgaris</i>	beitilyng	■■■□□□												X		X	X		X	X	X	X	X	X		X	X	X	X	X	X	X	X	
<i>Carex bicolor</i>	hvítstör	■■□	X																															
<i>Carex bigelowii</i>	stinnastör	■■■□□□												X		X	X		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
<i>Carex capillaris</i>	hárleggjastör	■■■□□□																										X	X				X	
<i>Carex capitata</i>	hnappstör	■■■□□□												X							X	X											X	
<i>Carex glacialis</i>	dvergstör	■■□□	X	X			X	X							X				X															

[illegible]

[illegible]

[illegible]

[illegible]

3. viðauki. Mat á algengni plöntutegunda

Á Náttúrufræðistofnun Íslands hefur verið unnið að þróun aðferðar til að meta hvaða eiginleika tegund þarf að hafa til að teljast sjaldgæf á landsvísi. Þetta er gert á þann hátt að sameina upplýsingar um þekkta útbreiðslu tegunda á landinu og hversu algengar eða áberandi þær eru á útbreiðsluvæði sínu og gefa hverri tegund einkunn sem er lýsandi fyrir stöðu hennar í flóru og fánu landsins. Aðferðinni við matið hefur verið lýst í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem unnin var vegna mats á umhverfisáhrifum Kárahnjúka-virkjunar (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2001).

Hér fer á eftir yfirlit yfir þessa algengniflokkun eins og hún var sett fram í áðurnefndri skýrslu, nokkuð stytta og endurskoðað.

Tegundir plantna, smádýra og fugla sem finnast á rannsóknasvæðum og á öðrum áhrifasvæðum framkvæmda eru metnar og flokkaðar eftir því hversu algengar þær eru bæði á landinu öllu og á svæðisvísi.

Á landsvísi er matið byggt á núverandi þekkingu, þ.e. birtum heimildum auk óbirtra gagna sem varðveitt eru í söfnum og skrám, aðallega gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Útbreiðslukort eru mikilvæg hjálpargögn við mat á þessum þætti.

Tegundirnar eru metnar á tvennan hátt og eru báðir þættir metnir sjálfstætt:

- útbreiðsla þeirra á landinu
- tíðni, þ.e. hversu algengar þær eru á landinu.

Í báðum tilfellum er valið á milli þriggja kosta. Hvað útbreiðslu varðar var skoðað hvort viðkomandi tegund er:

- útbreidd um allt landið þar sem kjörlendi er að finna
- fundin víða á landinu þó ekki alls staðar þótt kjörlendi sé til staðar
- fundin á fáum stöðum.

Mat á tíðni er alfarið byggt á þekkingu sérfræðinga á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Þrjú stig tíðni eru gefin:

- yfirleitt í miklum mæli, þ.e. einstaklingafjöldi/þekja mikil á útbreiðslusvæðinu stundum þó mun faliðari t.d. á hálendi en láglandi eða öfugt
- yfirleitt í nokkrum mæli á útbreiðslusvæðinu
- yfirleitt í litlum mæli á útbreiðslusvæðinu.

Alls voru skilgreindir 10 algengniflokkar. Þeir, ásamt forsendum sem liggja að baki ofangreindu mati, eru sýndir í 1. töflu auk tákna sem notuð eru til að sýna matið myndrænt. Auk þessa er merkt sérstaklega við slæðinga, ræktaðar tegundir og tegundir sem taldar eru markverðar á heimsvísu, þ.e. tilvist þeirra á Íslandi skiptir máli í heimsútbreiðslu viðkomandi tegundar.

Algengniflokkar ásamt skýringum og táknum.

Flokkar	Skýringar	Tákn
I	Finnst víðast hvar – Yfirleitt í miklum mæli	■■■□□
II	Finnst víðast hvar – Yfirleitt í nokkrum mæli	■■■□
III	Finnst víðast hvar – Yfirleitt í litlum mæli	■■■
IV	Finnst nokkuð víða – Yfirleitt í miklum mæli	■■□□
V	Finnst nokkuð víða – Yfirleitt í nokkrum mæli	■■□
VI	Finnst nokkuð víða – Yfirleitt í litlum mæli	■■
VII	Fáir fundarstaðir – Yfirleitt í miklum mæli	■□□
VIII	Fáir fundarstaðir – Yfirleitt í nokkrum mæli	■□
IX	Fáir fundarstaðir – Yfirleitt í litlum mæli	■
X	Slæðingar	SL
XI	Ræktað	R
XII	Óvisst	?

4. viðauki. Gróðurfélög sem mismunandi veglínur skera og hlutfall þeirra af heildarvegalengd hvernar veglínu.

Veglína A (V501)

Tákn	Gróðurþekja	Vegalengd (m)	% af vegalengd
B3	100%	299	1,7
B3	75%	91	0,5
B3	50%	374	2,2
B6	75%	131	0,8
B6	50%	245	1,4
C1	100%	207	1,2
C3	100%	9522	55,1
C3/B6	100%	747	4,3
C3/B6	50%	194	1,1
D3	75%	79	0,5
H1	100%	60	0,3
H1/H4	75%	233	1,3
H3	25%	50	0,3
R5	25%	41	0,2
<i>Samtals gróið</i>		12273	71,0
<i>me</i>		5013	29,0
<i>Samtals ógróið</i>		5013	29,0
Alls		17286	100,0

Veglína B (V600 mið og V600 suður)

Tákn	Gróðurþekja	Vegalengd (m)	% af vegalengd
B3	100%	292	1,5
B3	75%	100	0,5
B3	50%	200	1,0
C3	100%	58	0,3
D2	100%	526	2,6
D3	100%	182	0,9
D3	75%	70	0,3
E2	75%	516	2,6
E2	25%	455	2,3
H1	75%	136	0,7
H1	50%	818	4,1
H1	25%	569	2,8
H3/C3	100%	422	2,1
H3/C3	25%	43	0,2
<i>Samtals gróíð</i>		4387	21,9
gt		317	1,6
hr		1109	5,5
hr/sa		387	1,9
me		11700	58,4
mo		125	0,6
mo/me		42	0,2
sa/gt		161	0,8
sa/hr		1790	8,9
<i>Samtals ógróíð</i>		15631	78,1
Alls		20018	100,0

Veglína C (V600 norður)

Tákn	Gróðurþekja	Vegalengd (m)	% af vegalengd
A4	75%	157	0,5
A9	50%	496	1,6
B1	100%	559	1,8
B1	75%	44	0,1
B2	75%	24	0,1
B3	100%	34	0,1
B3	50%	214	0,7
B4/A4	75%	74	0,2
B6	100%	125	0,4
B6/A9	75%	126	0,4
B6/C3	100%	57	0,2
B6	75%	112	0,4
B7	100%	17	0,1
B7/B9	100%	29	0,1
C1	100%	137	0,4
C2	100%	199	0,6
C3	100%	8312	26,5
C3/B6	100%	948	3,0
C3/C1	100%	2375	7,6
C3/J1	100%	1427	4,5
C3	100%	8785	28,0
C5	100%	1282	4,1
D3	100%	304	1,0
D3	75%	751	2,4
D3	50%	140	0,4
D3	25%	62	0,2
E2	100%	1231	3,9
H1	75%	78	0,2
H1	50%	150	0,5
H1	25%	508	1,6
H4	75%	81	0,3
Samtals gróið		28838	91,9
gt		148	0,5
gt/me		123	0,4
hr		124	0,4
me		2025	6,5
me/mo		110	0,4
Samtals ógróið		2530	8,1
Alls		31368	100,0

Veglína B1 (V400)

Tákn	Gróðurþekja	Vegalengd (m)	% af vegalengd
A10	75%	206	3,1
B3	100%	162	2,5
B3	75%	85	1,3
B3	50%	273	4,1
D2	100%	589	8,9
D3	100%	135	2,0
H1	50%	131	2,0
H1	25%	150	2,3
H3	25%	149	2,3
<i>Samtals gróið</i>		1880	28,5
hr/sa		84	1,3
me		4228	64,1
mo		54	0,8
sa/hr		354	5,4
<i>Samtals ógróið</i>		4720	71,5
Alls		6600	100,0

Veglína V302

Tákn	Gróðurþekja	Vegalengd (m)	% af vegalengd
C3	100%	3032	100,0
<i>Samtals gróið</i>		3032	100,0

Veglína V321

Tákn	Gróðurþekja	Vegalengd (m)	% af vegalengd
H1	75%	112	4,0
H1	50%	38	1,4
<i>Samtals gróið</i>		150	5,4
gt		300	10,8
gt/me		245	8,8
me		1972	71,1
sa		106	3,8
<i>Samtals ógróið</i>		2623	94,6
Alls		2773	100,0

Veglína V322

Tákn	Gróðurþekja	Vegalengd (m)	% af vegalengd
B6	100%	465	21,0
C1	100%	20	0,9
C3	100%	1125	50,8
C3/B6	100%	477	21,5
C5	100%	32	1,4
<i>Samtals gróíð</i>		2119	95,7
me		96	4,3
<i>Samtals ógróíð</i>		96	4,3
Alls		2215	100,0

Veglína V323

Tákn	Gróðurþekja	Vegalengd (m)	% af vegalengd
C3	100%	344	28,9
C5	100%	183	15,4
<i>Samtals gróíð</i>		527	44,2
me		665	55,8
<i>Samtals ógróíð</i>		665	55,8
Alls		1192	100,0

Skýringar á táknum:

A4	<i>Mosi með smárunnum</i>	D2	<i>Grávíðir-fjalldrapi</i>
A9	<i>Héllumosi</i>	D3	<i>Loðvíðir-grávíðir</i>
A10	<i>Héllumosi-víðir</i>	E2	<i>Þursaskegg-smárunnar</i>
B1	<i>Krækilyng-fjalldrapi-bláberjalyng</i>	H1	<i>Grös</i>
B2	<i>Krækilyng-bláberjalyng-sauðamergur</i>	H3	<i>Grös með smárunnum</i>
B3	<i>Krækilyng-víðir</i>	H4	<i>Melgresi</i>
B4	<i>Beitilyng-krækilyng-bláberjalyng</i>	J1	<i>Fléttur og smárunnar</i>
B6	<i>Holtasóley-krækilyng-víðir</i>	R5	<i>Uppgræðsla-ræktað graslendi</i>
B7	<i>Bláberjalyng-krækilyng-víðir</i>	gt	<i>Stórgrýtt land</i>
B9	<i>Aðalbláberjalyng</i>	hr	<i>Hraun</i>
C1	<i>Fjalldrapi-bláberjalyng-krækilyng</i>	me	<i>Melar</i>
C2	<i>Fjalldrapi-þursaskegg-grös</i>	mo	<i>Moldir</i>
C3	<i>Fjalldrapi-víðir</i>	sa	<i>Sandar</i>
C5	<i>Ilmbjörk</i>		

Norðurhluti

Myndkort: Loftmyndir ehf. 2000
Gróðurgreining: Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1965
1975 og 1977 og Náttúrufræðistofnun Íslands 2004
Útlit korts: Sigrún Jónsdóttir

Myndkort: Loftmyndir ehf 2000
Gróðurgreining: Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1965
1975 og 1977 og Náttúrufræðistofnun Íslands 2004
Útlit korts: Sigrún Jónsdóttir

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS 2005

DETTIFOSSVEGUR
Gróðurkort 1:25.000
Suðurhluti

Tilvísun: Gróðurfar á fyrirhuguðum Dettifossvegi
vestan Jökulsár á Fjöllum
Stærri Heiðmásson og Guðmundur Guðjónsson
Umátt fyrir Vegagæðna Akureyri
NI-05-001 Akureyri, janúar 2005

Myndkort: Loftmyndir ehf. 2000
Gróðurgræining: Rannsóknastofnun landbóndans 1965
1975 og 1977 og Náttúrufræðistofnun Íslands 2004
Útlit kort: Sigrún Jónsdóttir



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS 2005

GRÓÐURLYKILL

ÞURRLENDI

Mossagróður

A3 Mosi með stífráströð og smárunnum

A4 Mosi með stífráströð og smárunnum

A7 Mosi með þursaskeggi og smárunnum

A8 Mosi með grósum og smárunnum

A9 Hólumosi

A10 Hólumosi - víðir

Lyngmóti

B1 Krækilyng - fjalldrapi - bláberjalyng

B2 Krækilyng - bláberjalyng - sauðamegur

B3 Krækilyng - víðir

B4 Beldilyng - krækilyng - bláberjalyng

B5 Beldilyng - skotilyng - krækilyng

B6 Hóllasóley - krækilyng - víðir

B7 Bláberjalyng - krækilyng - víðir

B8 Skotilyng - krækilyng - fjalldrapi

B9 Aðalbláberjalyng

Fjalldrapamóti og birki

C1 Fjalldrapi - bláberjalyng - krækilyng

C2 Fjalldrapi - þursaskeggi - grös

C3 Fjalldrapi - víðir

C6 Fjalldrapi - beldilyng - krækilyng

C5 Illmörk

Víðimóti og klær

D1 Grávíðir - Krækilyng

D2 Grávíðir - fjalldrapi

D3 Lóðvíðir - Grávíðir

D5 Hólumóti

D6 Grávíðir

Þursaskeggi- og Stærðar

E1 Þursaskeggi

E2 Þursaskeggi - smárunnar

E4 Þursaskeggi - hólumóti

G3 Móastór - krækilyng - grávíðir

Græslendi

H1 Grös

H3 Grös með smárunnum

H4 Málgras

H7 Grös með eitingu

Fléttumóti

J1 Fléttur og smárunnar

J2 Grábreyksingur

Blómendi

L1 Hávegna blómjurtir

L2 Lágvegna blómjurtir

L3 Alaskalúpnir

Ræktað land

R2 Tún í góðri rækt

R3 Gamalt tún, hægt að nýta án endurvinnslu

R4 Gamalt tún, ekki hægt að nýta án endurvinnslu

R5 Uppgræsla - ræktað græslendi

R6 Skógrækt

VOTLENDI

Deiglendi

T2 Hrossandi - starir - grös

T3 Hálmgrei

T10 Hrossandi - grávíðir/lóðvíðir

Mýri

U2 Mýrastór/sinnastór - víðir

U3 Mýrastór/sinnastór - fjalldrapi

U4 Mýrastór/sinnastór - klóffa

U5 Mýrastór/sinnastór - tjarnastór

U19 Mýrastór/sinnastór - tjarnastór

Fíðl

V2 Tjarnastór

V6 Vetrarkjastór

ADRAR SKÝRNINGAR

Skert gróðurpekja

x Gróðurpekja að meðaltali 75%

z Gróðurpekja að meðaltali 50%

p Gróðurpekja að meðaltali 25%

b Talavert gróðurpekja

Gróðurlaust eða lítt gróðr land

by Byggt eða mannvirk

ey Þurrar áreyrar

f Flög

gt Stórgrýtt land

hrh Hraun

kl Klætur

le Bláur áreyrar

me Molar

mo Molar

n Molar

r Ræsk

sa Sandur

vi Vikur

av Vatn

Mællikvarði 1:25.000

0 500 1000 1500 2000 m

— Veglína 500 B, C og D
— Veglína 400 B1
— Veglína 501 A
— Veglína 302 D1
— Veglína 321, 322, 323
— Þjóðvegur

— Gróðingur